

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

931. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 19. desember 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Afgreiðslur:

1. **Sviðsstjóri fjölskyldusviðs Jenný Þórkatla Magnúsdóttir mætir til fundar við byggðarráð.** Jenný segir m.a. frá breytingum á starfmannahaldi í grunnskólanum, vinnu vegna nýrra reglna um húsaleigubætur, vinnu við gerð Menntastefnu skóla í Húnaþingi vestra og fleiru sem verið er að vinna að á fjölskyldusviði.
2. **Fundargerðir lagðar fram til kynningar.**
 - a. **1612020 Fundargerð stjórnar Hafnasambands Íslands** frá 7. desember sl.
 - b. **1612021 Fundargerð stjórnar SSNV** frá 6. desember sl.
 - c. **1612024 Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga** frá 25. nóvember sl.
 - d. **1612026 Fundargerð þjónusturáðs um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra** frá 7. desember sl.
 - e. **1612025 Fundargerð Haustþings sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins 2016.**
3. **1612023 Lögð fram styrkbeiðni frá Aflinu samtökum um kynferðis- og heimilisofbeldi.** dags. 1. desember sl. Frestur til að sækja um styrki vegna ársins 2017 er útrunninn og því sér Byggðarráð sér ekki fært að styrkja að þessu sinni.
4. **1612008 Lagt fram til kynningar bréf frá Landssamtökunum Þroskahjálp,** um húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga gagnvart fötluðu fólki.
5. **1611039 Lagt fram bréf frá Landgræðslu ríkisins dags. 23. nóvember sl. beiðni um styrk til samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“ vegna ársins 2016.** Byggðarráð sér ekki fært að styrkja þetta verkefni að þessu sinni.
6. **1509101 Lagt fram erindi frá Air66 dags. 6. desember sl. þar sem óskað er eftir framlagi á árinu 2017.** Meðfylgjandi er yfirlit yfir verkefnið fyrir tímabilið apríl-nóvember 2016. Ósk um framlag hafði borist fyrr á þessu ári og var samþykkt við fjárhagsáætlunargerð að styrkja verkefnið um kr. 175.000 á árinu 2017.
7. **1612017 Lagt fram bréf Innanríkisráðuneytisins** dags. 14. desember sl. vegna stjórnsýslukæru Rakelar Jönu Arnfjörð um synjun húsaleigubóta tímabilið 15. ágúst til 31. desember 2015. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við lögfræðing sveitarfélagsins.
8. **1612018 Lögð fram til kynningar skýrsla um rekstur tjaldsvæðis á Borðeyri sumarið 2016.**

9. **1612027 Lögð fram til kynningar ársskýrsla íþróttá- og tómstundafulltrúa fyrir árið 2015.**
10. **1612022 Lögð fram til kynningar ályktun frá Markaðsstofu Norðurlands varðandi samgöngumál í frumvarpi til fjárlaga sem nú liggur fyrir Alþingi.** Byggðarráð tekur undir áhyggjur Markaðsstofu af skorti á viðhaldi vega á fjölmönnum ferðamannastöðum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:12

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir